

## Vel heppnað verkefnastefnumót Norðurslóðaáætlunar

Dagana 21. – 22. september s.l. var haldið vel heppnað verkefnastefnumót Norðurslóðaáætlunar í Nýheimum, Höfn Hornafirði.

Tilgangur fundarins var m.a. að kynna þátttöku Íslands í áætluninni og áherslur, efla tengslanet þátttakenda, fara yfir helstu þætti er varða fjárhagsuppgjör og skýrslugerð og aukið og bætt upplýsingaflæði. Auk þess var kynnt fyrirhuguð ráðstefna Norðurslóðaáætlunar **Lava 09** sem haldin verður í Iðnó 10. – 11. nóvember n.k. og fyrirhugaðar verkefnakynningar í tengslum við hana í Tjarnarsal, Ráðhúss Reykjavíkur.

Mjög góð mæting var á verkefnastefnumótið en liðlega 50 þátttakendur tóku þátt og kynnt voru 17 íslensk verkefni innan Norðurslóðaáætlunar. Nálíga má kynningar verkefnanna og fyrirlestra á slóðinni <http://www.northernperiphery.eu/en/events/show/&tid=44>

Myndir frá fundinum

